



Fylgiskjal 1

Greinargerð vegna auglýsingar á starfsleyfistillögu og útgáfu starfsleyfis fyrir

Malbikunarstöðina Höfða

kt. 581096-2919

Sævarhöfða 6-10, 110 Reykjavík

vegna móttöku á úrgangi til endurvinnslu á lóð að Sævarhöfða 6-10

1. Aðdragandi að auglýsingu starfsleyfistillögu.

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur móttók þann 6. nóvember 2023 umsókn Malbikunarstöðvarinnar Höfða, kt. 581096-2919 um starfsleyfi fyrir móttöku á úrgangi til endurvinnslu (móttaka og geymsla á malbiksafgöngum).

Um er að ræða nýja starfsemi og var móttaka umsóknar Malbikunarstöðvarinnar Höfða auglýst á heimasvæði Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 7. nóvember 2022. Í framhaldinu var unnin tillaga að starfsleyfi í samræmi við ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Þar sem um einfaldan rekstur er að ræða var ákveðið, sbr. heimild í auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar, að gera tillögu um starfsemina gildi almenn starfsleyfisskilyrði heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og samræmd starfsleyfisskilyrði fyrir bifreiðaverkstæði og skyldan rekstur.

2. Umsögn skipulags- og byggingafulltrúa

Skv. 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal nýr atvinnurekstur vera í samræmi við gildandi deiliskipulag. Deiliskipulag þarf þó ekki að vera til staðar vegna atvinnurekstrar enda samrýmist starfsemin gildandi aðalskipulagi hvað varðar landnotkun og byggðapróun og sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar. Skal útgefandi starfsleyfis leita umsagnar viðkomandi skipulagsfulltrúa og byggingafulltrúa um þessa þætti.

Umsagnar skipulagsfulltrúa var leitað með tölvupósti dags. 6. nóvember 2023. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. nóvember 2023 var neikvæð.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 6. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögur að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda starfsleyfis innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Í samræmi við ofangreint ákvað Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur í umboði heilbrigðisnefndar/umhverfis- og heilbrigðisráðs að auglýsa tillögu að tímabundnu starfsleyfi fyrir móttöku á úrgagni til endurvinnslu á vegum Malbikunarstöðvarinnar Höfða á heimasíðu Heilbrigðiseftirlitsins. Auglýsingin var birt þann 7. nóvember 2023 og var frestur til að gera athugasemdir auglýstur fjórar vikur frá birtingu auglýsingarinnar. Rann fresturinn út þann 6. desember 2023.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.



5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis

Í samræmi við viðauka 2.2 við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, var ofangreind starfsleyfisumsókn Malbikunarstöðvarinnar Höfða tekin fyrir á 1745. afgreiðslufundi Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur þann 12. desember 2023 og samþykkt að leggja málið fyrir fund heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með tillögu um synjun umsóknar þar sem neikvæð umsögn skipulagsfulltrúa, dags. 23. nóvember 2023 liggur fyrir.

Umsóknin var lögð fyrir 146 fund heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Umsókn Malbikunarstöðvarinnar Höfða var synjað með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 23. nóvember 2023.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Reykjavík, 4. september 2026

F.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur,

Guðjón Ingi Eggertsson
heilbrigðisfulltrúi